

# Ágrip af skólasögu Garðabæjar

Afmælisrit Flataskóla 1958-1998

Anna Sveinsdóttir kennari

Skólasögu héraðs okkar barst himnasending um aldamótin átjándruð í líki bóknáms- og verknámsskóla, sem hvorki fyrr né síðar hefur átt sinn líka í landinu. Þetta var Hausastaðaskólinn. Enda þótt húsin séu löngu rústir einar, látum við okkur annt um minninguna um skólann því að hann var reistur í landi okkar Garðabæinga. Í afmælisriti Flataskóla heiðrum við minningu alþýðufræðarans og menningarfrömuðarins, Jóns Þorkelssonar, með því að rifja upp aðdraganda og stofnun Hausastaðaskóla og skólahald fyrir börn í Kjarlarnesþingi og Garðahreppi.

## Barnakennsla á 18. öld

Árið 1965 fékk Barnaskóli Garðahrepps stytta af Jóni Þorkelssyni (1697-1759) til varðveislu. Ríkarður Jónsson gerði styttna og er þar frummyndin komin og stendur í anddyri skólans. Þetta er gifsmynd, en afsteypa hennar úr eir er í Innri-Njarðvík, fæðingarbæ Jóns. Er mynd af styttunni nú merki Flataskóla.

Foreldrar Jóns voru Þorkell lögréttumaður Jónsson og kona hans Ljótunn Sigurðardóttir. Þau voru komin af tignum ættum. Þorkell dó í Stórubólu-faraldrinum árið 1707, Jón einkabarn þeirra hjóna var þá 10 ára gamall.

Jón Þorkelsson hóf nám við latínuskólann í Skálholti 15 ára gamall árið 1712 og lauk námi tvítugur. Á námsárum hans var meistari Jón Vídalín Skálholtsbiskup. Hann var fæddur í Görðum og þjónaði Görðum frá 1695-97. Tók hann hinn bráðþroska gáfaða skólapiilt undir sinn verndarvæng. Hreintrúarstefnan (pietismus) hafði borist til landsins og voru biskuparnir ákafir fylgismenn hennar. Stefnan lagði höfuðáherslu á trúariðkun, siðavendni og alþýðufræðslu og mótaði skólahald latínuskólans. Skipaði biskup svo fyrir, að við fermingu skyldu börn vera læs og voru prestar gerðir ábyrgir fyrir því að börn lærðu að lesa. Það var þó ekki fyrr en á dögum feðganna Finns Jónssonar og Hannesar Skálholtsbiskupa, eftir sendiför Ludvigs Harboes og Jóns Þorkelssonar, að krafa þessi var virt. Brást Hannes biskup þá hart við ef út af þessu var brugðið og voru prestar sektaðir ef það vitnaðist að þeir höfðu fermt ólæs börn. Þá rak meistari Jón Vídalín mikinn áróður fyrir skipulögðum barnaskólum. Voru aflögufærir geistlegir og veraldlegir embættismenn og kristilega vakið fólk hvatt til að styrkja skólahald í sveitum sínum með fjárgjöfum og jörðum, alltjént jarðarskikum, undir skóla. Gaf biskup jörð (Drumboddsstaði í Árnessýslu) í þessu skyni, en ekki rættist von hans um skipulagt skólahald þótt sumir tækju erindi hans vel. Þá sem fyrr og síðar, allt til reglugerðar um barnaskólann í Reykjavík 1862 (stofnaður með tilskipun konungs 1859), var heimilum skylt að kenna börnum sínum undir fermingu, enda þótt sóknarprestar kæmu þar að.

Í anda hreintrúnaðarins og hugsjóna meistara Jóns Vídalíns tók Jón Þorkelsson út þroskaár unglingsins. Lífsreynsla hans úr föðrhúsum á höfuðbólínu Innri-Njarðvík, þar sem jafnaldrar hans í hjáleigunum umhverfis sultu og fórust margir, mun hafa mótað lífsviðhorf hins unga fræðimanns, sem varð kunnur af tillögum sínum til bjargar fátækum.

*Af æviferli Jóns skal þessa getið: Jón fór utan árið 1717 og lauk prófi í guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla 1721 og nam síðan við háskólann í Kiel í tæp tvö ár. Gegndi stöðu Skálholtsrektors árin 1728-37. Hann var jafnvígur á flestar háskólagreinar og fór orð af honum fyrir þekkingu hans í bókmenntum, málvísindum, tungumálum og þjóðfélags- og þjóðréttarfræðum. Hann var mikilvirkur og mikils*

*metinn fræðimaður og skrifaði m.a. Íslandslýsingu, sögurit (Rithöfundatal), ævisögur (Ný Hungurvaka) og orti ljóðabálka (Gullbringuljóð / Íslendingadrápa). Ritmál hans var einkum latína en sum verka sinna samdi hann á þýsku og dönsku. Hann var handgenginn mörgum andans mönnum meðal samlanda sinna sem og Dana. Síðustu 15 ár ævinnar dvaldist hann í Danmörku.*

Á rektorsárum sínum lét Jón Þorkelsson drykkjuskap þjóðarinnar til sín taka. Eftirfarandi lýsing segir allt sem segja þarf: Í Stórubólu-faraldrinum féll þriðjungur þjóðarinnar, eftir lifðu 40 þúsund manns. Á árabílinu 1730-40 voru fluttar inn í landið 600-700 tonn af brennivíni á ári. Drakk þar með hvert mannsbarn að meðaltali tæpan fimmtung úr tunnu. Heittrúarmenn fylktu liði með Jón Þorkelsson og Jón biskup Árnason í fararbroddi og sendu konungi bænarskjal um að stöðva þennan ófögnuð. Samtímis sendi hinn danski stiftamtmaður Rentukammeri skilaboð frá kaupmönnum um að brennivínsbann myndi valda þeim stórtjóni. Það hreif.

Á árunum 1738-41 semur Jón skýrslu í 25 liðum um „hvornig komið skyldi á umbótum í kirkju- og skólamálu á Íslandi“.

Dönskum yfirvöldum voru vel kunnar bænir Íslendinga um skipulagt skólahald. Hafði Jón Árnason Skálholtsbiskup lagt fram tillögu árið 1736 um „barnaskóla í hverri sýslu“. Jón Þorkelsson setur einnig efst á umbótalista sinn tillögu um „opinberan barnaskóla“, þá tillögur um skóla- og kennslueftirlit, framhaldsmenntun stúdenta heima á Íslandi (háskóla), stofnun prestaskóla o.s.frv.

Ákvað konungur að rannsaka skyldi menntunarástand Íslendinga og var ungur prestur í Kaupmannahöfn, Ludvig Harboe (síðar Sjálandsbiskup), skipaður til fararinnar og Jón Þorkelsson aðstoðarmaður hans og „einkafélagi og förunautur“. Skelfdust margir við komu þeirra og voru þeir hafðir að háði og spotti af landslýð, sem kyrrðist þegar uppvíst var hver tilgangur ferðarinnar var. Tók ferð þeirra 4 ár og vísiteruðu þeir tugi sókna. Voru prestar yfirheyrðir og þeim gert að prédika og taka börn til spurninga, kunnátta þeirra og hæfni metin sem og skilningur barna og lestrargeta. Dæmi voru um að prestar áttu ekki biblíu og til voru sóknir, þar sem innan við þriðjungur barna var læs. Ástand latínuskólanna og viðurgerningur allur var það slæmur að skólunum var slitið á góu eða einmánuði, enda margir nemenda (ölmusunemendur) þá heilsufarslega að þrotum komnir.

Úttekt Harboes og Jóns á menntunarástandi Íslendinga leiddi strax meðan á dvöl þeirra stóð til fyrir mæla konungs um bætt skólahald í latínuskólunum og aukna kristindómsfræðslu fermingarbarna. Var prentsmiðjan á Hólum endurbætt og prentun hafin og Skúli Magnússon, síðar landfógeti, settur yfir. Þá bárust óskir um stofnun skóla frá 14 söfnuðum, en opinberir barnaskólar voru enn ekki á dagskrá hjá kennslu- og kirkjumálaráðinu danska; með aukinni lestrarkunnáttu fermingarbarna vakti fyrir ráðinu að bæta kristnihaldið, gera börnin bænabókarfær. Framfarir á mörgum sviðum þjóðlífsins á síðari hluta 18. aldar eru raktar til reglugerða og tilskipana sem konungur setti að lokinni för þeirra tvímenninga.

Í ævisögu Jóns Þorkelssonar eftir Jón Þorkelsson og Klemens Jónsson, 1910, segir: „Hér skal þó ekki dregin dýrðin af Harboe. Jón hratt öllu af stað, en Harboe kom framkvæmdunum á með lagni og festu...“. Sem dæmi má nefna að við komu Harboes og Jóns var mikill hluti þjóðarinnar ólæs (70%) en 30-40 árum síðar hafði þetta snúist við, svo mjög hafði lestrarkunnáttunni fleygt fram.

Fyrsti barnaskóli landsins var stofnaður í Vestmannaeyjum 1745. Hann starfaði fram á þann áratuginn en lognaðist út af vegna fjárskorts; leitað var eftir fjárframlagi erlendis (1759) en fékkst ekki. Þetta átti ekki að endurtaka sig með stofnun Hausastaðaskóla 1791, tæpri hálfri öld síðar, þannig hugðist höfundur skólans, Jón Þorkelsson, búa um hnútana.

## Hausastaðaskóli

Þegar skyggst er til upphafs skólahalds barna í Hausastaðapínghá í lok 18. aldar, blasir við „herlegt slot“ umkringt torfbæjum, byggt yfir öreigabörn til að halda í þeim lífinu og koma þeim til manns. Þetta er skóli reistur á gamla þingstaðnum, Hausastöðum, fyrir dánargjöf Jóns Þorkelssonar, Þorkillii-sjóðinn.

Reglugerð fyrir sjóðinn var samin af Skálholtsbiskupi Finni Jónssyni og fyrsta íslenska amtmanningum, Magnúsi Gíslasyni; meira var ekki gert að svo búnu. Það var ekki fyrr en 1790, með tilkomu Ólafs Stephsens stiftamtmanns, að framkvæmdir á vegum Þorkillii-sjóðsins hófust: Staður var valinn, eitt veglegasta hús á landinu byggt og eldri reglugerðin endursamin af prófastinum í Görðum Markúsi Magnússyni og Skálholtsbiskupi Hannesi Finnssyni. Prófastur getur þess að reglugerðina fyrir skólann hafi hann samið með það fyrir augum „...að skólinn ætti að verða til þess að gera börn úr almúgastandinu að nytsamlegum manneskjum...“.

Þorvaldur Böðvarsson (síðar prestur í Holti undir Eyjafjöllum) var ráðinn fyrsti af þremur skólahöldurum Hausastaðaskóla (1792-1804). Gekk skólahaldari næst presti og konrektor að virðingu. Samkvæmt umsögn Harðar Ágústssonar listmálara, sem byggð er á danski úttektarlýsingu af skólanum frá 1792 var „...Hausastaðaskóli hreinræktað danskt bindingsverkshús. En í stað klæðningar er sett torf. Orðað öðru vísi, timburhúsi dönsku er pakkað inn í moldir.“ Skólahúsið var að ummáli 15 álnir x 8 álnir (10,26m x 6,27m) í 7 stafgólfum með svefnlofti.

Auk námsskrár barnaskólans; að lesa, skrifa, reikna og lesa kristinfræði, lærðu nemendur til verka við landbúnað, fiskveiðar og smíðar, tóvinnu og garðrækt. Þiltum var kennt að vefa, en stúlkum var það ekki skylt, en skólahaldari fékk 2 ríkisdali í verðlaun fyrir hverja stúlku sem lærði að vefa; vefnaðurinn aflaði skólanum tekna. Námsskráin var um margt sveigð stúlkum í hag og sé miðað við heimanám heldri manna dætra á þessum tíma, telst hlutur skólastúlkna síst lakari.

Hausastaðaskóli var heilsársskóli til jafns fyrir 6-16 ára stúlkur og drengi. Flestir voru nemendur 16 talsins og voru greiddir 16 rd. með hverju barni. Skóladagurinn var langur og strangur og slugs ekki liðið. Hann var á sinni tíð eini barnaskólinn í landinu og 1804-05 eini starfandi skólinn (latínuskólarnir í lamasessi). Stjórnendur skólans áttu í ærnum erfiðleikum með að halda skólanum gangandi vegna naumra fjárveitinga, enda þótt hann væri ein ríkasta stofnun í landinu. Það kom þó mjög á óvart þegar Castenskjöld stiftamtmaður skipaði svo fyrir, án samráðs við Sjálandsbiskup, að Hausastaðaskóli skyldi lagður niður. Mun þar hafa mestu ráðið að stiftamtmaðurinn var óvildarmaður skólans í ofanálag á dýrtíð og siglingateppu af völdum styrjalda.

Lauk þar með skólahaldi á Hausastöðum, sem talið hefur verið eitt hið merkasta. Ekki var það vegna þess, að þurrð yrði á uppboðsbörnum á ómagamarkaðnum. Nær er að halda að skólahaldið hafi galdið þess, að nemendur voru öreigar og stofnuninni af þeim sökum ekki skapaðir margir lífdagar á hallæristímum í höndum danskra (og íslenskra) embættismanna. En Þorkillii-sjóðurinn hélt áfram að vera til.

## Þorkillii-sjóðurinn

Við lát sitt lét Jón Þorkelsson eftir gjafabréf þar sem hann arfleiddi fátækustu börn Kjalarnespings að öllum eigum sínum. Var þar saman kominn mikill auður, óskertur arfur frá foreldrum hans, lausafé og jarðir, auk eigna sem honum söfnuðust, en Jón var maður hófsamur. Ekki hefur verið gert tilraun, að því er virðist, til að umreikna Þorkillii-sjóðinn til gengis íslenskrar krónu en tala ríkisdala og jarðeigna sjóðsins, samtals 10 jarðir og jarpapartar, þar með taldar jarðirnar Innri-Njarðvík og Kalmanstjörn, segir sína sögu. Þess er getið að eftir lát Ljótunnar móður Jóns hafi umboðsmaður hans „flutt gull og silfur og annað lausafé inn í Hólmskaupstað á þremur hestum, er allt skyldi fara til Jóns“. Skyldi stofna sjóð af eignum hans og

árlegum vöxtum varið börnunum til andlegra og líkamlegra þrifa uns þau yrðu sjálfbjarga. Þá skyldu skrifaðar og prentaðar guðsorðabækur hans ganga til kirkjunnar í Innri-Njarðvík. Í bréfinu er stiftamtmani á Íslandi og Sjálandsbiskupi falin umsjón með sjóðnum. Samþykkti konungur gjafabréfið.

Sjóðurinn var í fyrstu tvískiptur, lausafé, verðbréf og vextir í Danmörku, en afgangur af jörðum hér á landi. Með konungsúrskurði 1849 var stiftamtmani og biskupi yfir Íslandi falin umsjón með sjóðnum og á árunum 1851-55 var hluti hans ytra fluttur til landsins. Árið 1904 var stjórnarráði Íslands falin umsjá sjóðsins.

### **Fjárveitingar úr Thorkillii-sjóðnum**

Bókhald Thorkillii-sjóðsins var gloppótt, færslur glötuðust eða komu ekki fram (1806). Við stofnun nam sjóðurinn 4170 rd., og átti eftir að vaxa mikið, en við gjaldprot danska ríkisins (1813) þurrkaðist hann sem næst út, varð 68 rd. Eftir sölu jarðeignanna (1839) nam sjóðurinn 12.360 rd. og gekk á ýmsu eftir það.

Farið var eftir ákvæðum erfðaskrárinnar við stofnun og rekstur Hausastaðaskóla í 20 ár, síðan ekki söguna meir.

Nokkrar tilraunir voru gerðar til að endurreisa skólann eða stofna til skólahalds í Kjalarnesþingi, sem uppfylla skyldi ákvæði erfðaskrárinnar. Fyrstu tilraunina gerði Moltke stiftamtmaður, eftirmaður Castenskjolds, árið 1821. Hún mistókst. Brögð voru að því að gengið væri á snið við ákvæði sjóðsins um styrkveitingar. Þekkt dæmi um misnotkun voru greiðslur (100 rd. að meðaltali ár hvert) á rekstrarhalla einkaskóla dönsku og íslensku yfirstéttarinnar í Reykjavík á árunum 1830-48. Viðgekkst þetta uns Rosenörn stiftamtmaður, „hollvinur“ fátækra barna, lét stöðva greiðslurnar. Árið 1851 leggur sami stiftamtmaður til að stofnaður verði skóli í stíl við Fellenberg-skólana í Danmörku, heilsársskóli þar sem fátækum börnum væri séð fyrir viðurværi og kennt á bók og vinnubrögð landbúnaðarins. Stiftisyfirvöld lögðu til að skólinn yrði stofnaður í Kjalarnesþingi. Bændur víðs vegar eygðu nú möguleika á að stofna búnaðarskóla með styrk frá Thorkillii-sjóðnum; áhugi þeirra varð ráðagerð Rosenörns að falli. Árið 1863 ber Helgi Hálfðánarson, þá varaþingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, fram tillögu á Alþingi um að vöxtum af Thorkillii-sjóðnum yrði varið til skólahalds samkvæmt ákvæðum sjóðsins. Tillagan var felld. Árið 1865 berst Alþingi erindi frá bændum á Kjalarnesi, sem efnislega var samhljóða tillögu varaþingmannsins. Erindi bændanna var svæft.

Það tókst ekki að koma á skólahaldi í líkningu við Hausastaðaskóla, í þess stað voru börnin styrkt til dvalar á heimilum guðhræddra og ráðvandra húsbænda. Átti Moltke stiftamtmaður hugmyndina að þessu fyrirkomulagi sem gekk eftir (1821) og var löngu síðar samþykkt með konungsúrskurði 1866 og þá settar reglur um hvernig styrkjum skyldi deilt niður á sveitir í Kjalarnesþingi með tilliti til fólksfjölda og hvar þörfin væri mest. Í konungsbréfinu 1876 er úrskurður konungs frá 1866 ítrekaður en slakað á kröfum sjóðsins um styrkveitingar. Talið er nú nægja að börn eigi „...foreldra, er séu færir um að veita þeim kristilegt uppeldi, en geta eigi kostað skólaveru þeirra...“. Með konungsúrskurði þessum er sjóðurinn ekki lengur séreign munaðarlausra barna, heldur sameign þeirra og fjölskyldna sem ekki höfðu efni á að koma börnum sínum í skóla. Á árabílinu 1873-1926 voru þannig greiddir styrkir til tæplega 5000 barna fyrir framfærslu og skólagöngu. Þar af nutu 2000 börn í Reykjavík skólstyrks. Þá eru þess dæmi að skólar hafi fengið lán úr sjóðnum, samanber Thorkillii-skólann á Vatnsleysuströnd, og loks kemur að því árið 1929 að veitt er fé úr sjóðnum til kaupa á bókum og kennslugögnum handa skólum í Kjalarnesþingi hinu forna (hreppsfélög frá Kjósarhreppi að norðan til Grindavíkurhrepps sunnanvert). Hafnarfjarðarbær fékk þar drýgstan skerf eða 6 sinnum á árabílinu 1931-40. Reykjavík er hér ekki á blaði. Seinustu greiðslu úr sjóðnum til Reykvíkinga, 1940, var varið til að flytja börn úr

bænum í sumarbúðir og á sveitaheimili vegna styrjaldarhættu. Yfirleitt völdu hreppstjórar og prestar þau börn sem styrks nutu úr Thorkillii-sjóðnum.

Úr Thorkillii-sjóðnum var geiddur kostnaður vegna framkvæmda við 200 ára ártíð Jóns Þorkelssonar, sem þingskipuð nefnd stóð fyrir 1959. Var af því tilefni afhjúpuð stytta af rektorinum, prentuð frímerki og skrifuð ævisaga hans. Síðar, í tengslum við 20 ára afmæli Flataskóla, 1979, samþykkti menntamálaráðuneytið að greidd yrði úr sjóðnum útgáfa á stuttu ágripi af sögu Hausastaðaskóla og lýsingu á skólabyggingunni eftir frumteikningu úr safni Sjálandsbiskups og gerður minnisvarði, sem reistur var við gömlu heimreiðina á Hausastöðum. Frekari greiðslur hafa ekki verið inntar af hendi úr Thorkillii-sjóðnum, enda verkefni hans löngu komið í hendur ríkis og sveitarfélaga, auk þess sem sjóðurinn hefur eyðst í verðbólgu. Í árslok 1994 sýndi efnahagsreikningur hans kr. 254.924,46 inneign.

### **Sögulegt yfirlit skólahalds í Kjalarnesþingi**

Vakning hefst í skólamálum um miðbik 19. aldar. Jón Sigurðsson ritar í Ný félagsrit, 1842, um skólamátillögur, en það er fyrst árið 1880 að lög eru sett um fræðslu barna í skrift og reikningi. Sitthvað hefur þó fyrr gerst á öldinni í skólahaldi Kjalarnesþings: Árið 1830 er einkaskóli stofnaður fyrir börn í Reykjavík (nemendur 18) með styrk úr Thorkillii-sjóði. Árin 1840-48 kennir við skólann fyrsti kennaralærði maður á Íslandi, Pétur Guðjohnsen. Sama ár sendir Rasmus Ch. Rask „Lestrarkver handa heldri manna börnum“. Þegar styrkur Thorkillii-sjóðsins er aþnuminn 1848, leggst einkaskólinn af. Hafði þá árið áður verið send bænarskrá til Alþingis um barnaskóla í Reykjavík sem ekki bar árangur. Árið 1853 kemur fram frumvarp á Alþingi um stofnun barnaskóla í Reykjavík. Sama ár er gefin út „Starfrófskver handa minni manna börnum“. Lögskipaður barnaskóli verður síðan til árið 1862.

Barnaskólar taka til starfa í Stokkeyrarhreppi (1852). Gerðum í Garði (1882) og Thorkillii-skóli í Vatnsleysustrandarhreppi (1874) og á Brunnastöðum á Vatnsleysuströnd; Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi (1875); á Bessastöðum (1880 í tíð Gríms Thomsens), síðar Bjarnastaðaskóli og Álftanesskóli (1978).

Í Hausastaðapinghá (síðar Álftaneshreppi) skipaðist þannig um skólamálin: Eftir afnám Hausastaðaskólans njóta barnaskólar í þinghánni ekki styrks úr Thorkillii-sjóðnum. Páll Melsteð sagnfræðingur sækir um styrk vegna skólahalds að Brekku á Álftanesi (1841), en umsóknin „fær ekki afgreiðslu“. Fyrsti vísir að barnaskóla í þinghánni var skólahald í kvistherbergi húss Jörgens Hansens kaupmanns (nú Austurgata 12) í Hafnarfirði. Gekkst Þorsteinn Egilsson cand. theol. fyrir stofnun skólans, sem rann inn í Flensborgarskóla er stofnaður var árið 1877 með gjöf Þórarins Böðvarssonar prófests í Görðum og konu hans Þórunnar Jónsdóttur (til minningar um þeirra Böðvar; afi sr. Þórarins var fyrsti skólahaldari Hausastaðaskóla).

Ári eftir stofnun Flensborgarskólans, 1878, klopna Álftaneshreppur í Bessastaðahrepp (íbúar 579) og Garðahrepp (íbúar 715). Næstu 30 árin telst Hafnarfjörður til Garðahrepps. Var eðlilegt að skólum hreppsins væri valinn staður í Hafnarfirði, ævafornum verslunar- og útgerðarstað; utan Hafnarfjarðar var Garðahreppur sveit dreifðra býla (Vífilsstaða, Hofstaða, Urriðakots, Óttarsstaða, Garða, Hausastaða o.s.frv.).

Flensborgarskóli var barnaskóli til ársins 1882, síðan alþýðu- og gagnfræðaskóli og barnaskóli, þá (1895) gagnfræða- og æfingaskóli fyrir kennaraefni og loks allar götur til dagsins í dag, gagnfræða- og framhaldsskóli. Eftir að barnaskólanum var „úthýst“ (1895) úr Flensborg flakkaði hann á milli staða; úr Flensborg á Klofalóð (u.þ.b.

Vesturgata 19, hús Jóns Bjarnasonar kaupmanns), þaðan (1901) á Vesturgötu 6 (í hús Bjarna riddara Sivertsen), þá (1902) í eigið húsnæði, veglega byggt að Suðurgötu 10 og heitir þá Barnaskólinn í Hafnarfirði, í Garðahreppi, og er svo til 1. júní 1908 að Hafnarfjörður fær kaupstaðarréttindi en Garðahreppur stendur uppi skólalaus. Sama dag tóku fræðslulögin gildi.

## Skólasaga Garðahrepps

Garðahreppur var fámennur fram á miðja öldina og fjöldi skólabarna breytileg. Allt frá 1908-1942 rokkar fjöldi barnanna frá 11 til 16. Á skólaárinu 1942-43 eru þau 11 að tölu. Þaðan í frá fjölga börnunum í hreppnum allt frá því að vera 54 talsins skólaárið 1952-53 í 137 við stofnun Barnaskóla Garðahrepps 1958. Það var því ekki grundvöllur fyrir heimangönguskóla í Garðahreppi fyrr en upp úr 1950, enda varð þróunin sú. En við gildistöku barnaskólaganna varð hreppsfélaginu skylt að sjá 10-14 ára börnum sínum fyrir lögboðinni skólagöngu. Byggt var hús á Garðaholti (nú félagsheimilið Garðaholt), sem í senn skyldi þjóna skólalaldi og þinghaldi hreppsins. En heimili nemenda voru dreifð um byggðir hreppsins og varð farskóli því fyrir valinu. Skólaárið 1908-9 var kennt á 3 stöðum: Hlíð í Garðahverfi, Urriðakoti og Óttarsstöðum, en tvö árin, 1909-11, í Garðaskóla og á Óttarsstöðum. Upp úr 1911 verður Garðaskóli heimangönguskóli til ársins 1937 og síðan farskóli á nýjan leik til ársins 1947 verða því tímamót í skólalaldi Garðahrepps, það ár fellur skólalald niður í hreppnum uns það er tekið upp á nýjan leik við stofnun Barnaskóla Garðahrepps 1958. Árin 1947-58 sóttu börn skóla í önnur skólahverfi. Fjölskyldur kusu frekar að börnum þeirra væri ekið í nágrannaskóla en þau dveldu í heimavistarskóla innan hreppsins. Börnin sóttu Barnaskólann í Hafnarfirði, Flensborgarskóla, barnaskóla St. Jósefssystra og þau, sem yst á nesinu bjuggu, Bjarnastaðarskóla. Hreppurinn greiddi skólagjöld og kostnað vegna aksturs. Skólanefndin fylgdist með heimtum barnanna og að skólaskylda þeirra væri virt. Þetta fyrirkomulag var þó ekki til frambúðar. Hvorttveggja var að við skólaskyldu barna og unglunga ukust kröfur um margbreytileik námsefnisins, svo að ekki var lengur á færi sama kennara að verða við námskröfum laganna eins og áður var um áraraðir á farskólastiginu, sem og það, að grannskólarnir höfðu ekki lengur rými fyrir utanbæjarbörnin sem fjölgaði ört. Þörf fyrir sjálfstætt skólahús hreppsins knúði því á og árið 1956 heimilaði menntamálaráðuneytið byggingu þess og samþykkti skipulag skólanefndarinnar um heimankeyrslu nemenda, en byggð var enn dreifð í hreppnum. Var Barnaskóli Garðahrepps, síðar Flataskóli, settur 18. okt. 1958 í nýja skólahúsinu. Nemendur voru þann vetur 137 talsins.

Við stofnun skólans varð Vilbergur Júlíusson (f. 20.júlí 1923 d. 1999) skólastjóri hans allt til ársins 1984. Auk skólastjóra komu að skólanum eftirtaldir kennarar: Bjarni Jónsson, Borghildur Jónsdóttir, Haukur Magnússon, Kristín Tryggvadóttir, Leifur Eiríksson og Marín Gísladóttir.

Í tíð Vilbergs voru gefin út 5 skólablöð undir nafninu Setberg og var hlutverk þess að vera „...tengiliður milli skólans og heimilanna og rifja upp og varðveita ýmislegt úr skólasögu byggðarlagsins, að flytja sögur, ritgerðir og teikningar eftir nemendur, og kynna sem flesta þætti skólastarfsins í máli og myndum”, eins og kemur fram í ávarpi skólastjórans í Setbergi 1958.

Viðhorf Vilbergs til skólalalds 10 árum síðar kemur fram í grein hans í Setbergi 1968: „Hornsteinn uppeldisins er heimilið. Því verður aldrei breytt. Skólinn getur aðeins stutt það en samvinna er höfuðnauðsyn... Skólinn hefur verið í mótun. Nú þarf skólinn að horfa til framtíðarinnar, hyggja að nýjum og breyttum viðhorfum í kennslu og uppeldi og byggja á fyrri reynslu”. „Mikil umbrot hafa átt sér stað í íslenskum skólamálum hin síðari ár. Skólinn í dag er allt önnur stofnun en hún var fyrir t.d. tveim

til þremur áratugum. Grunnskólalögin og veigamiklar þjóðfélagsbreytingar hafa kallað á stóraukið húsnæði, lengingu skólaskyldu og skóladagsins, samfelldari stundaskrá, einsetinn skóla, nýtt, betra og fjölbreyttara námsefni, endurskoðaðar og nýjar námsgreinar og endurmenntun kennara. Þá hefur og hvers konar þjónusta við nemendur verið stóraukin og má þar nefna sálfræðiþjónustu, hjálpar- og stuðningskennslu, skólasöfn, handmennt, fjölbreytt félagsstörf og íþróttakennslu". Sigrún Gísladóttir (f. 26. sept. 1944) tók við skólastjórstöðu Flataskóla 1984 og hefur gegnt henni síðan.

Byggð jókst hratt í Garðahreppi og 1. jan. 1976 fékk hreppurinn kaupstaðarréttindi (íbúar 4200). Barnaskóli Garðahrepps, nú Flataskóli, rúmar ekki lengur börnin öll, svo að stofnað var útibú árið 1977 í safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli fyrir 6-8 ára börn, undir yfirstjórn Guðrúnar Guðjónsdóttur (f. 12. febr. 1943, d. 22. júlí 1983). Skólalendið í safnaðarheimilinu verður vísir að nýjum skóla, Hofstaðaskóla, sem stofnaður var 1980 undir stjórn Hilmars Ingólfssonar (f. 3. júní 1943). Í dag liggur leið barnanna úr barnaskólunum í Garðaskóla, stofnaður 1966, og þar ljúka þau skyldunámi. Skólastjóri er Gunnlaugur Sigurðsson (f. 20. sept. 1939). Eins og vænta má eru í Garðabæ, sem er fjölmennt bæjarfélag, reknir fjölbrautaskóli, tónlistarskóli, myndlistarskóli og leikskólar.

Farið hefur verið hratt yfir skólasögu Garðahrepps allt frá dögum farskólans, þegar kennarinn var skólinn og skólinn kennarinn með koffortið á ferð milli bæja, til hins nútímalega farskóla, farskóla tölvunnar.

#### **Heimildir:**

##### **Jón Þorkelsson, Klemens Jónsson:**

Ævisaga Jóns Þorkelssonar, Reykjavík, 1910.

##### **Skrifstofa Alþingis:**

Alþingismannatal 1845-1930. Reykjavík, MCMXXX.

##### **Gunnar M. Magnúss:**

Jón Skálholtsrektor, Reykjavík 1959.

##### **Bjarni M. Jónsson:**

Drög að skólasögu Garðahrepps, Setberg blað Flataskóla, Garðabæ 1968.

##### **Ólafur Þ. Kristjánsson, Hörður Ágústsson:**

Hausastaðaskóli, Reykjavík 1979.

##### **Ragnar Karlsson, Jón Jónsson:**

Garðabær, byggð milli hrauns og hlíða. Garðabær 1992.

##### **Anna Ólafsdóttir Björnsson:**

Álftaness saga. Þjóðsaga 1996.

##### **Menntamálaráðuneytið:**

Skjöl (ljósprentuð) um rekstrarform Thorkillii-sjóðsins frá 1969. 1998.